

Sveitarfélagið Árborg  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík 9. mars 2018  
UST201802-093/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - deiliskipulag - Votmúli 2 - Árborg**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar er barst 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Votmúla 2 í Árborg.

#### **Skipulagssvæðið**

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið afmarkast af lóðamörkum Votmúla 2 í vestri og norðri, af lóðamörkum Austurkots í norðri og austri og lóðamörkum við Votmúlaveg í suðri. Svæðið er samtals 21,7 ha. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir fimm lóðum undir íbúðarhús, gestahús og útihús.

#### **Byggingar**


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu en þar segir: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.*“

#### **Fráveita**

Öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu, að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur